

AUGLÝSING

um hækkun hunda- og kattaleyfisgjalda í Fjarðabyggð.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, samþykktar um kattahald nr. 246/2000 og samþykktar um hundahald nr. 252/2000 í Fjarðabyggð hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð nr. 47/2002. Í 1. gr. gjaldskrár verður leyfisgjald fyrir hvern hund 7.931 kr. og í 2. gr verður leyfisgjald fyrir kött 2.606 kr. Í 4. gr. verður hand-sömunargjald í fyrsta skipti 4.079 kr. og eftir hvert skipti 7.931 kr. Hækkun gjalda var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 18. desember 2003 og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 23. janúar 2004.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.